

Þegar undirbúningur sýningarinnar hófst lá beinast við að leita með hugmyndavinnu og textagerð til Óskars Guðmundssonar, sagnfræðings og rithöfundar í Reykholti. Hann ritaði sögu sína um Snorra að stórum hluta í Snorrastofu og JPV-útgáfa gaf hana síðan út haustið 2009. Óskar vann fyrstu hugmyndir sínar strax árið 2009 og í kjölfarið voru hönnuðir og valinkunnir handverksmenn fengnir til að vinna þetta vandasama verk með Óskari og auðvitað okkur hinum sem í Reykholti störfum, sem öll höfum sterkar skoðanir í þessum efnum.

Sigríður Kristinsdóttir lagði grunn að sýningunni, hún teiknaði kort og skipurit, hannaði grunnmynd vígásanna við inngang sýningarinnar og þróaði síðan hönnun þeirra í samvinnu við Bjarte Aarseth, útskurðarmeistara Þjóðminjasafns Noregs. Þá hannaði hún og setti upp barnahornið um heimsmynd goðafræðinnar, skrifpúltið sem er á miðju gólfi, og hreyfimynd af Snorralaus, sem varpað er á gólfið. Þá setti hún saman myndbandið, sem sýnir fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu í Reykholti, ásamt því að teikna upp landakort, sem sýnir örnefni þau, sem tilgreind eru í konungasögum Snorra.

Að öðru leyti sáu hönnuðirnir Birna Geirfinnsdóttir og Lóa Auðunsdóttir um að gefa sýningunni fallegan heildarblæ með sýningarflekum, sýningarpúlti með fornleifunum, innihaldi spjaldtölvanna, útiskiltum ofan við innganginn og framan við göngin, kynningarefni og margt fleira.

Þá ber að geta framlags þeirra heiðursmanna, sem lífguðu upp á staðinn með komu sinni hingað og vinnu. Annars vegar er um að ræða fyrrgreindan Bjarte Aarseth, sem var fenginn til að þróa og yfirfæra hönnun Sigríðar yfir í tré. Bjarte kom til landsins sumarið 2011 og síðan aftur 2012 og skar út þetta mikla verk fyrir framan gesti í sýningarsalnum.

Hins vegar er um að ræða myndlistarmanninn Hall Karl Hinriksson, sem sá um málun verksins í þremur áföngum og gerði það af mikilli fagmennsku og hugviti.

Jónína Eiríksdóttir, verkefnisstjóri Snorrastofu, hafði yfirumsjón með öllu verkinu, sem var gríðarlega mikil vinna, enda komu að minnsta kosti 40 einstaklingar að málum. Það er meira en að segja það að koma þessu þrekvirki farsælega í höfn, og sérstaklega er öll sú yfirlega sem fylgir textavinnslu og þýðingum krefjandi þolinmæðisvinna, ekki hvað síst þegar hin ýmsu sjónarmið stangast á.

Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu